



## Ársskýrsla Eitrunarmiðstöðvar 2019

### Starfsemi og starfsmenn

Eitrunarmiðstöðin (EM) starfar á Landspítala Bráðasviði.

Aðalhlutverk er að sinna ráðgjöf um meðferð eitrona til almennings og heilbrigðisstarfsmanna og efla þekkingu á eitrunum og meðferð þeirra.

Eitrunarsíminn er opinn fyrir alla allan sólarhringinn.

### Yfirlit vfir fyrirspurnir árið 2019

Árið 2018 voru skráð símtöl í eitrunarsímann **1754** og árið 2019 **2217**.

Betri skráning og betra utan umhald símtala skýrir að miklu leyti þessa aukningu milli ára m.a. betri skráning á almennum fyrirspurnum. En einnig má skýra þessa aukningu með meiri sýnileiki stöðvarinnar vegna hinna ýmsu kynninga og funda, sem haldin voru á árinu, þar sem starfsemi og gagnsemi Eitrunarmiðstöðvarinnar var kynnt fyrir heilbrigðisstarfsfólki og almenningi.

### Tölfræði og yfirlit símtala í eitrunarsímann

46,0 % fyrirspurna voru vegna lyfjaceutrana og 43,6 % vegna annarra eiturefna. Almennar fyrirspurnir voru 9,0 % og ekki var skráð ástæða fyrirspurnar í 1,4 % tilvika.


Af **2217** símtölum þá voru **1603** (72%) símtala/fyrirspurna afgangi í símtalinu.

3,5 % símtala voru frá læknum á sjúkrahúsum eða bráðamóttökum, um 2% erinda var vísað á heilsugæsluna, um 19% var vísað á bráðamóttöku og í 3,5% tilfella var ekki skráð hvað var gert.

Símtölum vegna sjálfsskaða fækkaði úr 9,5 % í 7% milli ára en símtölum vegna rangrar lyfjagjafar á stofnunum fjölgaði úr 9,8 % í 11%.


	(%)
Lyfjaceutranir	46,0
Önnur eiturefni	43,6
Almennar fyrirspurnir	9,0
Ekki skráð	1,4
Fullorðnir	40,0
Unglingar/börn 6-18 ára	8,0
Börn 2-6 ára	20,0
Börn 2 ára og yngri	20,0
Ekki skráð	2,0
<b>Helstu ástæður eitrona</b>	
Óhapp	60,0

Annað/ekki vitað/alm. fyrirspurnir/ekki skráð	13,3
Röng lyfjagjöf	11,0
Sjálfskaði	7,0
Misnotkun	5,0
Aukaverkun	2,0
Vinnuslys	0,8
Milliverkun	0,6
Hugsanleg byrlun	0,3
<b>Helstu íkomuleiðir</b>	
Inntaka	77,0
Augu	6,9
Innöndun	6,7
Húð	5,1
Annað/ekki vitað	2,1
Í endaparm	1,1
iv/im/sc	1,1



### Algengustu lyfin

Heiti lyfs	Fjöldi (%)
Geðlyf	10,0
Veik verkjalyf/NSAID	8,3
Parasetamól	8,0
Flogaveikilyf	7,0
Hjartasjúkdómalyf	6,9
Bensódíasepín	5,3
Andhistamín	5,1
Svefnlyf	5,0
Sterk verkjalyf/Opíóíðar	4,9
Punglyndislyf SSRI	4,8
Ofvirknilyf	4,7
Vítamín og/eða járn	4,5
Hormónalyf	2,7
Sýklalyf	2,7
Sterar	1,2
Asthmalyf	1,2
Magasýrulyf	1,2
Punglyndislyf þríhringlaga	1,0
Nikótínlyf	1,0
Blóðþrýstingslækkandilyf	1,0
Náttúrulyf/fæðubótarefni	0,5
Annað/ekki skráð	13,0



**Dreifing símtala yfir daginn**

	kl. 8-16	kl. 16-24	kl. 24-8
2018	46 %	46 %	8 %
2019	38 %	52 %	10 %

**Dreifing símtala frá kl. 16-24 2018 og 2019 sem % af heildarsímtölum**

